



FUNDARBOÐ

Stjórn Sorpurðunar Vesturland hf. boðar til eigendafundar í Sorpurðun Vesturlands hf. mánudaginn 7. september kl. 14 í húsnæði Menntaskóla Borgarfjarðar í Borgarnesi.

Farið verður yfir stöðu úrgangsmála á Vesturlandi, samstarf innan samráðsvettvangs sorpsamlaga á SV-horni landsins auk mögulegra leiða sveitarfélaga í málaflokknum til lengri tíma litið.

Sveitarfélögin í landinu standa frammi fyrir ákvarðanatöku hvað varðar lausnir og leiðir í málaflokknum. Sveitarfélögin í landinu bera ábyrgð á málaflokknum samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2003055.html>

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs <http://samlausn.is/> hefur gildistímann frá árinu 2009-2020 og rennur því út í ár. Vinna er hafin að gerð nýrrar stefnu fyrir SV-horn landsins og vakna í þeirri vinnu upp áleitnar spurningar um samstarfsmöguleika og fleira sem stjórn hyggst kynna frekar á þeim fundi sem hér er boðaður.

STJÓRNIN